

## GJALDSKRÁ

### Slökkviliðs Borgarbyggðar.

#### 1. gr.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim kveða meðal annars á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfsemi slökkviliða þeirra, sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun fólks og verðmæta.

Slökkvilið Borgarbyggðar starfar samkvæmt lögum þessum og er skipað eingöngu slökkviliðsmönnum í hlutastarfi. Slökkvilið Borgarbyggðar er eign og starfrækt af Borgarbyggð og fer með brunavarnir í Borgarbyggð, sem og í Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi samkvæmt gildandi samningum þar að lútandi sem sveitarfélögin hafa gert sín á milli.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri slökkviliðsins og heyrir undir sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar.

Verkefni Slökkviliðs Borgarbyggðar eru því margvísleg og ákvarðast aðallega af gildandi lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af öðrum verkefnum skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald er fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns og ákvarðast af útgefni gjaldskrá slökkviliðsins sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og uppreiknast í ársbyrjun hvers árs og tekur mið af gildandi neysluvísitölu. Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur einnig tekið ákvörðun um að auglýsa sérstaka gjaldskrá.

#### 3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en annars einnar klukkustundar vinnu ef umsögnin er afgreidd án skoðunar á staðnum.

#### 4. gr.

Gjald fyrir vinnu slökkviliðs Borgarbyggðar árið 2018 skal vera (miðað við neysluverðsvísitölu í janúar 2018):

Tækifærisleyfi, veitingaleyfi, leyfi fyrir gistiheimili	<i>kr.</i>
brennuleyfi, flugeldasýningaleyfi	10.010 pr. leyfi
Ef skoðun fylgir framangreindum leyfum	30.030 pr. leyfi
Magirus-Deutz dælubíll	24.950 pr. klst.
Renault dælubíll	26.930 pr. klst.
Iveco-Deutz dælubíll	24.950 pr. klst.
Ford F 550 dælubíll	13.100 pr. klst.
M-Benz dælubíll	24.950 pr. klst.
Scania tankbíll (14.000 lítra)	18.610 pr. klst.
M-Benz tankbíll	18.610 pr. klst.
Rosenbauer – Otter dæla (600 lítra)	5.925 pr. klst.
Honda (100 lítra)	5.925 pr. klst.
Zigler (1.600 lítra)	5.925 pr. klst.
Toyhatsu (2.020 lítra)	13.100 pr. klst.
Rafstöðvar (3 – 5,5 kW)	5.925 pr. klst.
Vatnssuga með manni	10.915 pr. klst.
Bifreiðar 10 – 13 tonn	370 pr. km
Bifreiðar 14 – 20 tonn	425 pr. km
Slökkviliðsmenn, dagvinna	4.667 pr. klst.

Slökkviliðsstjóri, dagvinna	3.590 pr. klst.
Slökkviliðsstjóri, yfirvinna	5.460 pr. klst.
Vinna	10.010 pr. klst.

Virðisaukaskattur bætist við á þeim hluta gjaldskrárinnar sem hann á við skv. gildandi lögum og reglum.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefnið telst þjóna ríku almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum Slökkviliðs Borgarbyggðar. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnáslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

#### 5. gr.

Skrifstofa ráðhúss Borgarbyggðar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskrá skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum samkvæmt ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

#### 6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

#### 7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til búnaðarkaupa og samfélags- og forvarnaverkefna á vegum Slökkviliðs Borgarbyggðar.

#### 8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum og 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1287/2016.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 14. desember 2017.

*Borgarnesi, 28. desember 2017.*

**Gunnlaugur A. Júlíusson** sveitarstjóri.